



3. gr.

Hverjum þeim, sem hefur rétt samkv. 1. gr. og hefur fengið leyfi skv. 2. gr. til ljósmóðurstarfa er frjálst að stunda ljósmóðurstörf hvar sem er hér á landi.

Ljósmóðir, sem stundar fæðingarhjálp í heimahúsum á eigin vegum skal þó tilkynna það viðkomandi héraðslækni og leggja fyrir hann skilríki sín.

4. gr.

Ljósmæður annast eftirlit með barnshafandi konum og foreldrafræðslu um meðgöngu og fæðingu. Ljósmæður starfa að fæðingarhjálp og mæðravernd.

5. gr.

Óheimilt er að ráða sem ljósmæður aðra en þá, sem hafa starfsleyfi skv. lögum þessum.

6. gr.

Ljósmóður ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar er varða starfið.

7. gr.

Ljósmóður er skylt að gæta þagmælsku, um atriði, sem hún fær vitnesku um í starfi sínu og leynt skulu fara að lögum skv. eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi hafi látið af störfum.

8. gr.

Um ljósmæður gilda að öðru leyti og eftir því sem við getur átt reglur læknalaga nr. 80/1969, með áorðnum breytingum. Reglur læknalaga gilda m. a. um sviptingu og endurveitingu starfsréttinda, og um refsingu vegna brota ljósmæðra.

9. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

10. gr.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög með sama heiti nr. 17/1933 með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt að ósk Ljósmæðrafélags Íslands og er að miklu leyti byggt á tillögum félagsins, en gildandi ljósmæðralög eru komin til ára sinna en þau eru að grunni til frá árinu 1933. Gefur því auga leið að mörg ákvæði gildandi ljósmæðralaga eiga ekki við í dag sakir breytinga á lögum um skipan heilbrigðismála og enn fremur þar sem í landinu starfa nú fleiri heilbrigðisstéttir en áður.

Samkvæmt gildandi ljósmæðralögum er landinu skipt niður í ljósmæðraumdæmi, sem hefur enga raunverulega þýðingu þar sem lög um heilbrigðisþjónustu, þ. e. a. s. nú lög nr. 59/1983 kveða á um skipan heilsugæsluumdæma og störf ljósmæðra við heilsugæslustöðvar. Ber því nauðsyn til að endurskoða lögin, einfalda þau og færa í svipaðan búning og önnur lög, sem sett hafa verið á undanförunum árum um hinar ýmsu heilbrigðisstéttir.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Þessi grein er í samræmi við upphafsgreinar í öðrum lögum, sem sett hafa verið á undanförnum árum um ýmsar heilbrigðisstéttir.

Um 2. gr.

Ljósmeðraskóli Íslands er eini skólinn hér á landi, sem veitir sérstaklega menntun á þessu sviði.

Hvað snertir leyfi til aðila, sem lokið hafa jafngildu námi erlendis, skulu þau lögð fyrir ljósmeðraráð, sem lagt er til að ráðherra skipi þremur aðilum, þar af tveimur samkv. tilnefningu, til fimm ára í senn. Er hér um að ræða samskonar ákvæði og í hjúkrunarlögum nr. 8/1974 þar sem fjallað er um hjúkrunarráð.

3. gr.

Þar sem fæðingar tíðkast enn í heimahúsum, þótt í litlum mæli sé, er nauðsynlegt að kveða á um að þeim ljósmeðrum, sem ætla sér að stunda fæðingarhjálp í heimahúsum, sé skylt að tilkynna það sérstaklega til viðkomandi héraðslæknis og leggja fyrir hann lögboðin skilríki.

4. gr.

Hér er fjallað um störf ljósmeðra. Þrátt fyrir orðalag greinarinnar er ekki þar með sagt að hér sé um að ræða störf er ljósmeður sitja einar að. Í meginráttum má segja að störf ljósmeðra séu eftirfarandi:

Að útfylla meðraskrá við fyrstu komu í meðraeftirlit og að annast meðraeftirlit og rannsóknir og fræðslu því samfara. Ennfremur foreldrafræðslu um meðgöngu og fæðingu og fræðslu um barnið. Ljósmeður annast nú slökunaræfingar fyrir barnshafandi konur, fæðingarhjálp, umönnun, eftirlit og fræðslu fyrir meður í og eftir fæðingu og eftirlit með ungbörnum í sængurlegu. Ennfremur taka ljósmeður þátt í fjölskylduáætlunum ásamt öðrum starfsstéttum heilbrigðiskerfisins.

Um 5.—11. gr.

Þessar greinar eru samhljóða greinum í öðrum lögum, sem sett hafa verið um hinar ýmsu heilbrigðisstéttir á undanförnum árum. Er þar tekið mið af reglum læknalaga nr. 80/1969, sérstaklega hvað snertir sviptingu og endurveitingu starfsréttinda svo og fyrir brot í starfi. Að öðru leyti þarfnast greinarnar ekki skýringa.